

Alþingi
Erindi nr. Þ 139/1748
komudagur 17.3.2011

Nefndasvið Alþingis
b.t. Samgöngunefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Keldudal, 14. mars 2011

Efni: Frumvarp til umferðarlaga 139. Löggjafarþingi, þskj. 814 – 495. mál


Í frumvarpinu er lagt til að bílprófsaldur verði hækkaður um eitt ár eða í 18 ár.

Undirrituð mótmælir þessari breytingu harðlega. Það skapar mikil óþægindi fyrir nemendur og foreldra nemenda í framhaldsskólum, búsetum í dreifbýli, að hækka bílprófsaldur. Ekki þurfa framhaldsskólanemdnur einugis að sækja skóla, heldur er einnig allt félagslíf, íþróttir og þess háttar.

ENGAR almenningssamgöngur eru í boði fyrir stóran hluta framhaldsskólanema í dreifbýli, skiptir engu hvort um langan eða stuttan veg er að fara.

Í minni fjölskyldu er um mikil óþægindi og kostnaðarauka að ræða. Ekki er um annað að ræða en að hafa börnin í heimavist, þó svo að aðeins séu um 15 km í skóla.

Virðingafyllst,



Guðrún Lárusdóttir